

Leiðarvísir

fyrir
brjefhirðingarmenn.

1. grein.

Brjefhirðingarstaðirnir liggja venjulega undir þá póstafgreiðslu, sem næst þeim er á leið póstsins til Reykjavíkur, og er hverjum brjefhirðingarmanni sjerstaklega gjört kunnugt, undir hverja póstafgreiðslu hann er skipaður.

Hlutaðeigandi póstafgreiðslumaður er nánasti yfirboðari brjefhirðingarmanna, og á hann að hafa eptirlit með, að þeir haldi samning sinn og gegni þeim skyldum, sem á þeim hvíla samkvæmt auglýsingu 3. maí 1872. Hann á að gjöra þeim kunnar allar þær breytingar, sem verða kunna á póstgöngum, póststöðvum, burðargjaldsákvæðum o. s. frv., og láta þeim í tje allar nauðsynlegar leiðbeiningar*.

Brjef brjefhirðingamanna til póststofunnar í Reykjavík skal senda til hinnar yfirboðnu póstafgreiðslu, er afgreiðir þau áleiðis til póstmeistarans með skýringum sínum.

Verði brjefhirðingarmönnum eitthvað á í póstafgreiðslunni til annara póstafgreiðslustaða, skal þeim gjörð vitneskja um það beinlínis.

Ferðaleyfis um stuttan tíma, í mesta lagi 14 daga, skulu brjefhirðingarmenn leita hjá hlutaðeigandi póstafgreiðslumanni, en ferðaleyfis um lengri tíma hjá póstmeistarannum í Reykjavík; þó geta þeir, ef mikið liggur á, farið strax af stað, en þá skulu þeir skýra póstafgreiðslumanni frá því, og verða þá og að annast um, að áreiðanlegur maður í fjarvist þeirra gegni þeim póststörfum, er fyrir kunna að koma, upp á ábyrgð þeirra.

2. grein.

Brjefhirðingarmenn afgreiða póstsendingar til næstu póstafgreiðslustaða á báðar hliðar við þá, og millumliggjandi brjefhirðingarstaða. Til þess að eptirlit verði haft með því, er með pósti er sent, og burðareyri þeim, er greiða ber, skal rita allt, sem sent er, á póstsendingaskrár til allra þeirra póststöðva, er brjefhirðingarmaður afgreiðir flutning til.

3. grein.

Til flutnings með póstum skulu brjefhirðingarmenn taka á móti:

- I. *Lausum brjefum og brjefspjöldum*, sem eiga að fara til innlendra og útlendra póststöðva.
- II. *Prentuðu máli í krossbandi og sýnishornum af varningi*, allt að 2 pd. þunga.
- III. a. *Almennum böggulsendingum* innanlands og til Danmerkur. Eigi að senda böggulsendingu áleiðis frá brjefhirðingarstað með landpósti, má hún ekki vega meira en 2 pund, en verði hún send alla leið

*Brjefhirðingar þær, er liggja milli Reykjavíkur og næstu próstaftgreiðslustaða á alla vegu, liggja beint undir póstmeistarann í Reykjavík.

13. með pósthúsfuskunum, þannig að eigi þurfi að senda hana neitt yfir land, má hún veða bæði hafna á milli innanlands og til Danmerkur allt að 10 pd.

b. *Almennum böggulsendingum* til landa utanríkis, allt að 2 pundum að þyngd. Um slíkar sendingar með pósthúsfuskunum sjá þó III a, sbr. töfluna C.

Hverri böggulsendingu á að fylgja tilvísunarbrjef (Adressebrev). Eigi sendingin að fara til innlendra pósthöðva eða pósthöðva í Danmörku og Færeyjum, má tilvísunarbrjefið vera almennt umslag, en eigi veða meira en 3 kvint. Til landa utanríkis eru tilvísunarbrjefin prentuð eyðublöð, sem nákvæmlega verður að fylla út; hverju slíku tilvísunarbrjefi verður að fylgja ein eða fleiri tollskrár, sjá töfluna C.

IV. *Peningabrjefum*

1. til innlendra pósthöðva.
2. — Danmerkur og Færeyja.
3. — landa utanríkis.

V. *Peningasendingum í pokum og böggulsendingum* með tilgreindu verði:

1. til innlendra pósthöðva,
2. — Danmerkur og Færeyja,
3. — landa utanríkis.

Með landpóstum mega sendingar þessar veða allt að 5 pd., sju í þeim mótaðir peningar, annars 2 pd. Með pósthúsfuskunum sjá III a, og töfluna C.

VI. *Ábyrgðarbrjefum:*

1. til innlendra pósthöðva,
2. — Danmerkur og Færeyja,
3. — landa utanríkis.

Umbúðir sendinga, utanáskriptir og innsigli verða að fullnægja þeim skilyrðum, sem tekin eru fram í auglýsingu 3. maí 1872, augl. 26. sept. 1872 og brjefi landshöfðingja 20. júlí 1886, og verða þær því að eins teknar í ábyrgð pósthjónnarinnar, að þeim fyrirskipunum sje nákvæmlega fylgt.

Hluti, sem bannað er að flytja með póstum (sbr. tilskipun um póstmál 26. febr. 1872 4. gr., og auglýsingu 3. maí 1872, 12. gr.) mega brjefhirðingarmenn ekki taka til flutnings, en hafi það eigi að síður verið gjört, skal fara með þá samkvæmt 12. gr. auglýsingar 3. maí 1872.

Brjefhirðingarmenn eru skyldir til að taka á móti og afgreiða sendingar frá dagmálum til náttmála, þegar þeir eru viðstaddir, eða sjá um að það verði gjört fyrir þeirra hönd.

4. gr.

Burðareyrir undir þær sendingar, sem í 4. gr. segir að brjefhirðingarmenn megi taka til flutnings, er fyrir:

I. *Almenn brjef.*1. *Til póststöðva innanlands:*

Þegar þau vega allt að 3 kv.—10 aur.

— — — frá 3—25 — 20 —

— — — — 25—50 — 30 —

2. *Til Danmerkur og Færeyja.*

Þegar þau vega allt að 3 kv. 16 aur.

— — — frá 3—25 — 30 —

— — — — 25—50 — 50 —

Sje eigi borgað fyrirfram með frimerkjum undir brjef til innanlands-póststöðva eða til Danmerkur og Færeyja, verður burðareyrir tvöfaldur við það, sem segir í 1. og 2. tölulið. Sje borgunin ónóg, tvöfaldast burðareyririnn sömuleiðis, en þá skal draga frá burðareyrinum tvöföldum það, sem greitt hefur verið fyrirfram í frimerkjum.

3. *Til landa utanríkis. Sjá töfluna A.*

Sje eigi borgað fyrir fram með frimerkjum undir brjef til landa utanríkis, verður burðareyrir tvöfaldur. Sje borgunin ónóg, tvöfaldast það sem á vantar.

4. *Brjefspjöld.*

Til innanlands póststöðva . 5 aur.

— Danmerkur og Færeyja . 8 —

— landa utanríkis 10 —

með fyrirfram borguðu svari helmingi meira.

II. *Krossbandssendingar* verða ávallt að vera borgaðar fyrir fram. Burðareyrir er:

1. *Til innlendra póststöðva* undir hver 10 kvint og minni þyngd . 3 aur.

2. *Til Danmerkur og Færeyja* undir hver 10 kvint og minni þyngd 5 —

3. *Til landa utanríkis. Sjá töfluna A.*

Sjeu frimerki eigi við höfð við krossbandssendingar, eða ef á þær er ritað nokkuð, sem eigi er leyft af póststjórninni, eða ef umbúðirnar, sem eiga að vera svo lagaðar, að hægt sje að kanna, hvað í þeim er, eru með öðru móti en hún hefur lagt fyrir, skal borga fyrir þessar sendingar hið sama gjald, sem fyrir almenn brjef, er eigi er borgað undir fyrirfram með frimerkjum.

III. *Almennar böggulsendingar.*1. *Til innlendra póststöðva.*

a. Með landpóstum frá sumarmálum (☉: 20. apríl) til veturnótta (☉: 18. okt.) undir hvert pund eða minni þunga 30 aur.

b. með landpóstum frá veturnóttum (☉: 18. okt.) til sumarmála (☉: 20. apríl) undir hver 25 kvint eða minni þyngd 25 —

d. með póstgufuskipunum undir hvert pd. eða minni þyngd . 10 —
 auk almenns brjefburðargjalds undir tilvísunarbrjefið, sje umslagið lokað (sbr. I. 1.).

13

2. *Til Danmerkur og Færeyja.*

Fyrir hvert pd. eða minni þunga 10 aur.
og að auki aðalgjald undir hvern böggul 25 —

3. *Til landa utanríkis.*

Sjá töfluna C.

Þegar böggulsending til útlanda (III. 2. og 3.) er send áleiðis með land pósti, ber auk burðargjalds eptir III. 2. eða III. 3. að greiða undir hana burðargjald eptir III. 1. fyrir flutninginn á landi.

IV. *Peningabrjef.*

1. *Til innlendra póststöðva.* Burðargjald eptir vikt, sbr. I. 1 og ábyrgðargjald að auki eptir verðupphæð þeirri, sem í brjefinu er, fyrir hverjar 100 kr. eða minni upphæð¹ 5 aur.

2. *Til Danmerkur og Færeyja.* Burðargjald eptir vikt sbr. I. 2. og auk þess ábyrgðargjald af upphæð þeirri, sem í brjefinu er, fyrir hverjar 200 krónur eða minni upphæð 25 aurar.

3. *Til landa utanríkis.*

Sjá töfluna B.

V. *Peningasendingar í pokum eða böggulsendingar með ákveðnu verði.*

1. *Til innlendra póststöðva.* Burðargjald eptir vikt, sbr. III. 1. og auk þess ábyrgðargjald fyrir hverjar 100 kr. eða minni upphæð 5 aurar.

2. *Til Danmerkur og Færeyja.* Burðargjald eptir vikt, sbr. III. 2, og að auki ábyrgðargjald fyrir hverjar 200 krónur eða minni upphæð 25 aurar.

3. *Til landa utanríkis.*

Sjá töfluna C.

VI. *Ábyrgðarbrjef.*

1. *Til innlendra póststöðva.* Burðargjald eptir vikt sbr. I. 1. og að auki 20 aur. í ábyrgðargjald.

2. *Til Danmerkur og Færeyja.* Burðargjald eptir vikt sbr. I. 3, auk þess 16 aura í ábyrgðargjald.

3. *Til landa utanríkis.*

Sjá töfluna A.

Sje ábyrgð keypt á krossbandssendingu, greiðist auk burðargjalds samkv. II. ennfremur ábyrgðargjald, sem innanlands er 20 aurar, en til Danmerkur og Færeyja 16 aurar, fyrir hvern böggul. Til landa utanríkis sjá töfluna A.

Ef eitthvað er áfátt við umbúnað á bögglum, peningabrjefum eða öðrum peningasendingum þegar þeim er skilað til flutnings með póstum og vilji hlutadeigandi sjálfur ekki bæta úr því, skal hann skyldur að greiða brjefhirðingarmanni 5 aura fyrir sjerhvað það, sem hann kann að gjöra til þess að sendingin verði löglega úr garði gjörð.

Sendingar með þjónustufrimerkjum álitast sem óborgaðar, sé ekki nákvæmlega farið eptir auglýs. 3. maí 1872.

1) Um mótaða peninga í brjefum sjá augl. 3. maí 1872, 13. gr. C.

Það sem nú skal greina má ekki taka til flutnings nema það sje fyrir- 13
fram borgað í frimerkjum:

- a. kvittanir fyrir sendingum,
- b. ábyrgðarbrjef,
- c. brjef (eða sendingar) til konungs eða ættmanna hans
- d. og yfirvalda,

nema sá, er sendir, hafi ritað á þær »fyrirskipuð skýrsla» »heimtað álit»
eða »fyrirskipuð sending» og nafn sitt undir.

5. gr.

Hafi útgefendur blaða eða tímarita, er út koma á Íslandi, samið við
póststjórnina um útbýtingu og afgreiðslu þeirra, eru brjefhirðingarmenn skyldir
að taka að sjer að þau fyrir þá er þess beiðast, eptir þeim reglum,
sem settar eru í 23. gr. í auglýs. um póstmál 3. maí 1872; skulu þeir senda
pöntunina til póstafrgreiðslumanns þess, er þeir eru undir skipaðir og afhenda
síðan blöðin eða tímaritin áskrifendum.

Gjóri brjefhirðingarmaður ekki með sama pósti um hæl athugasemd um
að í blöð vanti, er til hans eru send, álfást blöðin rjett send frá hendi afgreiðslu-
manns þeirra.

6. gr.

Öll ábyrgðarbrjef, peningabrjef, böggla og peningaböggla, sem afhentir eru
á brjefhirðingarstað til sendingar með póstum, skal, þegar er brjefhirðingarmaður-
inn tekur við þeim, innfæra í sjerstaka bók, sem til þess er löggilt (viðtökubók),
samkvæmt þeirri vísbendingu, er útbúning bókar þessarar gefur.

Kvittun fyrir móttöku sendingar lætur brjefhirðingarmaður þegar þess
er óskað, móti 5 aura borgun; þó skal sá, er sendir, eigi þurfa að borga fyrir
þessa viðurkenningu, ef hann hefur póstkvittunarbók með sjer, sem ritað er í
nafn móttökumanns sendingarinnar, verð hennar og vikt, svo að viðkomandi
póstmaður þurfi eigi annað en rita nafn sitt.

Æski einhver, sem skilar slíkum sendingum til flutnings, kvittunar við-
takanda fyrir sendingu með pósti til baka, skal brjefhirðingarmaður fylla út
eyðublað, sem til þess er ætlað (móttökukvittun) og næla það við tilvísunar-
brjefið. Fyrir þessa kvittun greiðir sá er sendir, 10 aura í burðargjald, sem
límt er á blaðið í frimerkjum.

7. gr.

Þegar póst skal afgreiða frá brjefhirðingarstað, skal taka brjef þau öll
og sendingar, sem með pósti eiga að fara, og ónýta frimerkin á þeim sending-
um, sem ekki eiga að fara svo langt, að þau nái næsta póstafrgreiðslustað, með
því að gjöra kross með bleki yfir þau eða rita nafn brjefhirðingarinnar yfir
frimerkin. Síðan skal skipta brjefum og sendingum niður eptir þeim póst-
stöðvum, sem þær eiga að fara til, og útbúa póstsendingaskrá til hlutað-
eigandi póstafrgreiðslustaðar og brjefhirðingarstaða. Undir þessar skrár
eru notuð eyðublöð, er ber að útfylla þannig, að í 1. og 2. dálki sje sam-
tala allra þeirra almennu brjefa, sem með skránni eru send: í 1. dálki tala

13 brjefa þeirra, er borgað hefur verið undir, og í 2. dálki tala óborgaðra brjefa, sem sendast eiga. Peningasendingar, böggulsendingar og ábyrgðarbrjef skal rita í 3. og 4. dálk þannig, að í 3. dálki sje tölumerki hvernar sendingar, sem á henni er í viðtökubókinni, en í 4. dálki sje greint, hvers konar sending það er, sem um er að ræða, og í 5. dálki nafn viðtakanda. Sje verð tilgreint á sendingu skal rita það í 6. dálk, svo og upphæð peningabrjefa, en í 7. dálk þyngd brjefa og sendinga. Þá skal í 8. dálk rita burðargjald það, sem borgað hefur verið fyrir frímerki á sendingarnar frá þeirri pósthöð; en í 9. dálk skal rita burðargjald það, sem óborgað kann að vera, bæði af brjefum (í einu lagi) og öðrum sendingum. Á hverja pósthendingaskrá skal jafnan rita nafn fráfarar staðarins og þeirrar pósthöðvar, sem hún á að fara til, svo og dagsetning (brottfarardag póstsins), og ritar brjefhirðingarmaður nafn sitt undir skrána; blaðapantanir, kvittanir, leiðrjettingarskýrslur og þessháttar sem sent er, skal tilfæra á pósthendingaskránni.

Pósthendingaskrár skal senda til allra þeirra pósthöðva á leið póstsins sem brjefhirðingin hefir sendingaviðskipti við, hvort sem nokkurt brjef eður önnur sending á að fara til þeirra eða ekki, til þess að hlutaðeigandi pósthöður geti fullvissað sig um, að ekkert hafi glatazt í för póstsins.

Á brjef þau eða tilvísunarbrjef, sem ekki hefur verið borgað undir, eða eigi er greitt nægilegt burðargjald fyrir, skal brjefhirðingarmaður rita með rauðkritt burðargjaldið ofaní utanáskriptina. Vinstramegin á efra horn ábyrgðarbrjefa, sem jafnan eiga að vera frímerkt, skal rita tölumerki það (númer), sem brjefin hafa fengið í móttökubókinni og merkið NB.

Þegar allt hefur verið fært inn á pósthendingaskrárnar samkvæmt því, er að framan er sagt, skal leggja saman burðargjald og binda brjef (almenn brjef og tilvísunarbrjef), peningabrjef og ábyrgðarbrjef saman í bundin, í sömu röð, eins og þau eru tilfærð á pósthendingaskránni, og skal á hverri pósthendingaskrá tilgreina, hve mörg bundin fylgi henni. Bundinin skal síðan binda saman með góðu seglgarni, og láta þau ásamt peningasendingum og böggul sendingum í viðurvists póstsins niður í poka, merktan með nafni brjefhirðingarstaðarins, sem hann er sendur frá, og þeirra pósthöðva, er hann á að fara til, og bera saman við pósthendingaskrána, jafnóðum og niður er látið. Þó þessa skal senda, þó að ekkert sje í að láta nema pósthendingaskráin.

Að þessu loknu skal láta pokana niður í pósthöskuna, sem pósthöðurinn hefur lykil að; brjefhirðingarmenn verða sem mest þeir mega að halda sjer heima þegar von er á pósti, og taka svo fljótt sem unnt er við því, sem kemur og afgreiða það, sem á að fara. Á fararseðil póstsins skal rita, hvenær hann kemur og fer.

8. grein.

Þegar pósthöður kemur til brjefhirðingarstaðar, skal opna pósthöskuna í viðurvist póstsins og bera pósthendingarnar saman við pósthendingaskrárnar, sem þeim fylgja, og rannsaka, hvort hvert einstakt brjef eða böggulsending er rjett meðhöndluð, hvort allt er tilfært á pósthendingaskránni, og burðargjald

rjett ákveðið, svo og hvort burðargjald er rjett ritað á skrána og rjett lagt saman. Sömuleiðis skal opna tösku þá, er póstur ber á sjer, og taka brjef þau, er eptir eiga að verða á brjefhirðingarstaðnum, en senda hin áfram eptir sömu reglum og önnur brjef, er á brjefhirðingarstaðnum eru afhent til flutnings. Frimerki, sem ekki þegar hafa verið ónýtt á sendingum, sem afhendast eiga í brjefhirðingarumdaminu, skal ónýta svo sem fyrr segir. Um sjerhverja ónákvæmni eða villu, sem brjefhirðingarmaður finnur á póstsendingaskrá eða að því er snertir hinar komnu póstsendingar, skal hann rita at-
hugasemd eða leiðrjetting á póstsendingaskrána, og jafnframt skýra þeim póstmanni, sem sent hefur skrá þá, sem leiðrjettingin hefur verið gjörð á, frá því með pósti um hæl, með svonefndri leiðrjettingarskýrslu, sem sjerstök eyðublöð eru höfð undir. Þegar brjefhirðingarmanni berast slíkar leiðrjettingarskýrslur, eiga þeir að rita á þær athugasemdir þær, er þeir kunna að hafa sjer til stuðnings eða afsökunar, eða þá »viðurkennt« að öðrum kosti, og nafn sitt undir, og endursenda þær síðan þeim póstmanni, sem ritað hefur leiðrjettingarskýrsluna. Brjefhirðingarmaður, sem þannig fær endursendar leiðrjettingarskýrslur, skal leggja þær við póstsendingaskrárnar, og láta þær fylgja þeim til póstaftgreiðslustaðar þess, sem brjefhirðingin liggur undir.

Um vantandi burðargjald, er á brjef er skrifað, skal krefja viðtakanda (sjá 4. gr. I. aths. við 2.). Hafi brjef eða sendingar, sem ekki eru nægilegum frimerkjum búin, ekki vérið metin til rjetts burðargjalds nje á þau verið ritað »ónóg borgað« (stimpluð með stafnum **T**), skal það pósthús, er sendingunni fyrst var skil að á, greiða burðargjaldið og skal innfæra á póstsendingaskrána burðargjald það, er svara skal, og leiðrjetta samlagninguna samkvæmt því.

9. grein,

Eigi má láta í póttöskurnar til brjefhirðingarstaðanna peningasendingar eða böggulsendingar, sem eru yfir 300 kr. virði. Póstsendingar þangað, sem eru meira virði, eða sem sá, er sendi, hefur krafizt slíks um, biða á póstaftgreiðslustaðnum þangað til þeirra er vitjað, en tilvísunarbrjefið er þá sent til brjefhirðingarmanns þess, er hlut á að máli, eða tilkynning um, að hluturinn sje kominn, sem viðtakandi getur kvittað á, og verður þá sendingin afhent gegn þeirri kvittun. Til þessara tilkynninga eru notuð sjerstök eyðublöð (sjá næstu grein).

10. grein.

Brjefhirðingarmenn eru ekki skyldir til að láta bera komin brjef út meðal viðtakenda, heldur verður að gefa viðtakendum kost á að fá þau afhent á brjefhirðingarstaðnum enda þótt brjefhirðingarmaður sje eigi sjálfur við staddur, og skal hann annast um, að jafnan sje einhver, er í fjarvist hans frá heimilinu hefur þetta á hendi, og fyrir samkomulag við nágranna sína reyna að koma þeim til skila hið fyrsta.

Ábyrgðarbrjef, peningabrjef og böggla má ekki afhenda nema gegn kvittun. Í því skyni skal rita slíkar sendingar allar inn í kvittunarbókina með því tölumerki (nr.), sem þær hafa á póstsendingaskránni, og skal mót-

13 takandi rita í kvittunarbókina nafn sitt sem kvittun við hverja sendingu. Þegar slíkar sendingar, sem að ofan ræðir um, eru sendar með póstum frá brjefhirðingarstaðnum, skal þess getið í kvittunarbókinni. Þegar móttakendur ekki eru staddir á póststöðvunum eða menn, sem hafa fullkomið umboð til að kvitta fyrir hönd þeirra, sendir brjefhirðingarmaður þeim tilkynning um, að sendingin sje komin, á eyðublaði, er til þess er ætlað, og ef móttakandi ritar kvittun á tilkynning þessa, og sendir hana síðan aptur til póststöðvanna, fær hann sendnguna afhenta gegn þessari kvittun. Slíkar kvittanir geymast sem fylgiskjöl við kvittunarbókina. Brjefhirðingarmaður ábyrgist, að undirskript kvittana sje rjett. Þegar móttökukvittun (sbr. 7. gr. 3. lið) fylgir tilvisunarbrjefi með sendingu, sem skilað er til viðtakanda, verður brjefhirðingarmaður að annast um, að viðtakandi riti nafn sitt á móttökuskirteinið um leið og hann kvittar fyrir sendingunni, og ber svo að endursenda það til þeirra póststöðva, sem það upphaflega var sent frá.

11. grein.

Þegar brjefhirðingarmönnum berast með póstum óborguð brjef frá öðrum póststöðvum til manna, sem ekki eiga heima í umdæmi þeirra, en brjefin hafa verið talin með óborguðu burðargjaldi á póstsendingaskrá þeirri, sem þau komu með, svo að viðtakandi brjefhirðingarmaður hefur orðið að telja burðargjaldið með tekjum hjá sjer, á hann, þegar hann sendir þessi brjef frá sjer með póstum aptur, að tilfæra þau á póstsendingaskrá til þess staðar, sem þau eiga að fara til, og jafnframt láta þeim fylgja *endurgjaldsskirteini*, er sjerstök eyðublöð eru fyrir. Á endurgjaldsskirteinið skal rita tölu hinna óborguðu brjefa, staðinn, þar sem þeim, samkvæmt póststimplinum, fyrst var skilað til flutnings, og loks upphæð hins óborgaða burðargjalds í aurum, er einnig skal tilgreina með orðum. Sá póstmaður, er annast um afgreiðslu þessara brjefa, skal skrifa nafn sitt undir endurgjaldsskirteinið, og endursenda það síðan þeirri póststöð, sem það er komið frá, og skal það síðan látið fylgja póstsendingaskránum, sem borgun upp í burðargjald það, sem sú póststöð á að standa skil á.

12. grein.

Ef sending vantar eða er mjög skemmd, þegar póstur kemur og póstsendingaskrár eru bornar saman við sendingarnar, þá skal skýra póstmanni þeim, er sendi, frá þessu, sem fyrr segir, svo og póstaafgreiðslumanni þeim, er brjefhirðingin liggur undir og skal jafnframt móttökumanni gjörð vitneskja um það.

Ef sendingar eru rangt sendar, skal sem fyrst senda þær aptur ókeypis rjetta leið, eða, þegar viðtökustaður er ókunnur, fara með sem sendingar, er eigi verður komið til skila.

13. grein.

Þær póstsendingar, sem brjefhirðingarmaður getur eigi komið til skila (augl. 3. maí 1872 § 21), skal sem fyrst endursenda því pósthúsi, er þær eru sendar frá. Aptan á brjef og tilvisunarbrjef skal rita ástæðuna, hvi þau hafi eigi komizt til skila. Þegar póstsendingar eru þannig endursendar, skal afhenda þær þeim, er sendi, gegn burðargjaldi því, er á þeim kann að hvíla.

14. grein.

13

Brjefhirðingarmenn ábyrgjast allar póstsendingar, sem þeim er trúað 20. febr. fyrir. Þær skulu geymdar á óhultum stað, og mega ekki liggja fyrir sjónum óviðkomandi manna, og er það heldur eigi leyfilegt, að viðtakandi sjálfur leití uppi sendingar til sín. Brjefhirðingarmönnum er bannað að gefa nokkrum óviðkomandi manni vitneskju um, til hvers eða frá hverjum póstsendingar koma eða fara um höndur þeirra, nema þetta sje nauðsynlegt til þess að koma þeim til skila.

Lyklar og eyðublöð, sem brjefhirðingarmönnum eru fengin, mega ekki koma í hendur óviðkomandi mönnum.

15. grein.

Brjefhirðingarmenn verða að sjá fyrir því, að þeir hafi jafnan byrgðir af frimerkjum og brjefspjöldum. Hjá póstaftgreiðslumanni þeim, sem þeir eru undir skipaðir, geta þeir mót kvittun fengið frimerki að láni allt að þeirri upphæð, sem árslauð þeirra nema.

16. grein.

Allar þær póstsendingaskrár, sem brjefhirðingarmenn móttaka og meðhöndla, skal senda með fyrsta pósti til póstaftgreiðslu þeirrar, er brjefhirðingin liggur undir, og skal tilgreina tölu þeirra á póstsendingarskránni þangað. Leiðrjettingarskýrslur og endurgjaldsskirteini skulu og fylgja, svo sem fyrr segir, og skal tilgreina, hve mikið eptir póstsendingaskránni standi í skuld, sem þá verður að gjöra grein fyrir með næsta pósti.

17. grein.

Komist brjefhirðingarmenn að því, að póstar hafi meðferðis brjef, peninga eða böggla utantösku, eru þeir skyldir til að skýra póstaftgreiðslu þeirri, er þeir standa undir, þegar frá því. Ef brjefhirðingarmenn eða fólk þeirra notar póstin ólöglega, varðar það sektum, sem póststjórnin ákveður, eða afsetningu.

18. grein.

Brjefhirðingarmenn eru ekki skyldir til að veita póstum gistingu, göðgjörðir eða heygjóf handa hestum þeirra nema gegn sanngjarnri borgun.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, 1. febr. 1892.

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.

Leiðrjettingar.

Á bls. 9, 2. línu a. n.: 6. febr. les: 26. febr.

Á bls. 10, 13. línu a. o.: 6. febr. les: 26. febr.

Á bls. 11, 14. línu a. n.: 27. febr. les: 26. febr.

Á bls. 15, 10. línu a. o.: fyrir það les: fyrir sjerhvað það.

Á bls. 15, 19. línu a. n.: ákvörðun í tilsk. um póstmál---8. gr. les: ákvörðun í lögum 15. okt. 1875, 1. gr.

Á bls. 15, 19. línu a. n.: sandir les: sendir.

Á bls. 18, 16. línu a. o.: eða les: nje.

Á bls. 19, 16. línu a. n. (í 11. gr.): Sá póstmaður, er síðast annast les: Sá póstmaður, er annast.

2. dag marzmán. 1892.